



185. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 12. apríl 2011 kl. 12:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal, Jón Gestur Viggósson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Gunnar Bragason, Helga Steinunn Guðmundsdóttir og Friðrik Einarsson.

Forseti sett fund og stýrði honum. Hann bauð nýja stjórn velkomna til starfa eftir 70. Íþróttaping ÍSÍ og bauð sérstaklega velkomna nýja stjórnarmenn, þá Garðar Svansson og Gunnlaug Júlíusson, sem kosnir voru í varastjórn ÍSÍ. Fengu þeir afhenta sérstaka útgáfu af barmmerki ÍSÍ, sem einungis stjórnarfolk ÍSÍ ber. Einnig bauð forseti Ingibjörgu Berggrós Jóhannesdóttur velkomna í framkvæmdastjórn en hún hefur átt sæti í varastjórn ÍSÍ.

### 1. Íþróttaping ÍSÍ

Forseti lagði fram úrslit kosninga til framkvæmdastjórnar ÍSÍ og afrit af samþykktum tillögum. Rætt um umgjörð og framkvæmd þingsins. Almenn ánægja virtist vera meðal þingfulltrúa með þingstaðinn, umgjörð og framkvæmd.

Bókaðar þakkir til starfsfólks fyrir undirbúning, skipulag og framkvæmd þingsins. Samþykkt að láta ávarp forseta ÍSÍ fylgja ársskýrslu ÍSÍ 2011 í útsendingu.

### 2. Viðburðarlisti samkvæmt útvarpslögum

Í framhaldi af bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins um lista yfir mikilverða íþróttaviðburði var óskað eftir upplýsingum frá sérsamböndum ÍSÍ varðandi málið. Samþykkt að svara erindi ráðuneytisins með hliðsjón af samþykkt nýfastaðins Íþróttapings ÍSÍ sem hljóðar svo:

***Ályktun um fyrirætlun mennta- og menningarmálaráðherra um að setja saman lista yfir íþróttaviðburði sem ber að sýna í ólæstri dagskrá.***

*70. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 8. - 9. apríl 2011 í Gullhömrum í Reykjavík, mótmælir þeirri fyrirætlun mennta- og menningarmálaráðherra um að setja saman lista yfir íþróttaviðburði sem ber að sýna í ólæstri dagskrá í sjónvarpi.*

*Þjóðnýting útsendingarréttinda á íþróttaviðburðum er skerðing á frelsi íþróttahreyfingarinnar til tekjuöflunar.*

### 3. Fundargerðir

Fundargerð 184. fundar framkvæmdastjórnar lögð fram. Samþykkt með athugasemdum.

### 4. Heiðrun

Samþykkt að veita eftirtöldum einstaklingum Gullmerki ÍSÍ fyrir frábær störf í þágu íþróttahreyfingarinnar:

Snorra Olsen fráfarandi formanni Umf. Stjórnunnar,  
Sturlaugi Sturlaugssyni fráfarandi formanni ÍA og  
Ragnhildi Einarsdóttur fráfarandi formanni USÚ.

Rætt um mögulegar heiðranir á þingum sem framundan eru. Samþykkt að senda tölvupóst á framkvæmdastjórn varðandi samþykkt heiðrana, ef tilnefningar koma.

## **5. Viðburðir framundan**

Rætt um viðburði og þing sem framundan eru.

## **6. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Næsti fundur verður haldinn 19. maí 2011 kl. 16:00.

## **7. Önnur mál**

### *Smáþjóðaleikar*

Keppnisgreinar á Smáþjóðaleikum eru 10 talsins, þar af 8 skyldugreinar. Framkvæmdastjóri óskaði eftir heimild til að kanna áhuga þeirra sérambanda sem ekki eru meðal skyldugreina á Smáþjóðaleikum til að standa fyrir keppni í viðkomandi grein á leikunum hér á landi árið 2015. Ljóst er að velja þarf tvær íþróttgreinar á leikana, til viðbótar skyldugreinunum. Samþykkt.

**Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.**

**Halla Kjartansdóttir, fundarritari**